

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Höfðahrepps, Höfðakaupstað.

1. gr.

Hreppsnefnd Höfðahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveita hreppsins nær yfir og hún getur fullnægt, svo og til hafnarinnar í Höfðakaupstað.

2. gr.

Hreppsnefnd fer með yfirstjórn vatnsveitunnar. Hreppsnefnd og sveitarstjóri annast öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varða, svo og viðhald hennar og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu vatnsveitunnar er henta þykir.

3. gr.

Hver sá er vill komast í samband við vatnsveitu hreppsins, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hversu mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

4. gr.

Umsjónarmanni vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Ef honum þykir útbúnaði í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella lætur umsjónarmaður gera það á hans kostnað.

Heimilt er hreppsnefnd að loka vatnsæðum fyrir þeim sem vanrækja að láta gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu, eða greiða ekki vatnsskatt eða tengigjald á réttum gjalddögum. Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma er vatnsæðum er lokað af þessum sökum.

5. gr.

Hver sá sem veldur skemmdum á eignum vatnsveitunnar eða á annan hátt bakar henni skaða, skal bæta það að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Engum er heimilt án leyfis hreppsnefndar eða brunaliðsstjóra að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar.

6. gr.

Skylt er sérhverjum að láta af hendi land sitt og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óþægindi og takmörkun á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef eigi næst samkomulag.

7. gr.

Frá vatnsæðum veitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi hreppsnefndar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæða úr götulögnum í hús sín, og annast viðhald þeirra.

Skylt er húseigendum að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveituna, án leyfis vatnsveitunefndar.

8. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitu hreppsins skal greiða árlega vatnsskatt:

- a. 0.15% af fasteignamati húsa og lóða eins og það er á hverjum tíma. Lágmarksgjald hvernar sjálfstæðrar íbúðar skal þó aldrei vera lægra en kr. 8 000.
- b. Af húsum sem nota mikið vatn til annarra þarfa en heimilisnota svo sem hraðfrystihúsum, fiskverkunarstöðvum, verksmiðjum, iðnaðarfyrirtækjum o. s. frv. skal greiða 0.5% af fasteignamati húsa og lóða ef vatn er ekki selt eftir mæli.
- c. Vatnsveitan getur þar sem ástæða þykir til selt vatnsnot samkvæmt mæli fyrir kr. 5 hverja smálest. Árleg leiga af vatnsmælum skal vera kr. 10 000.
- d. Fyrir þvottaplön sem rekin eru til þvotta á bifreiðum t. d. í sambandi við eldsneytissölur skal greiða kr. 20 000 á ári fyrir vatnsnotin.
- e. Auk venjulegs vatnsskatts skal greiða fyrir sérstaka vatnsnotkun sem hér segir: Við síldarsöltun skal greiða kr. 80 á uppsaltaða tunnu. Sama gjald er fyrir tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir vatnsnotkun til bræðslu síldar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 80 fyrir hvert landað tonn. Fyrir hverja smálest af vatni til skipa greiðist kr. 100 en minnsta gjald skal vera kr. 500 fyrir fiskiskip en kr. 1 000 fyrir önnur skip.
- f. Af beitingaskúrum, gripahúsum og fleiri slíkum húsum skal lægsta gjald vera kr. 4 000.
- g. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot en hér eru talin fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.
- j. Tengigjald skal vera kr. 15 000.

9. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. mars ár hvert og greiðist hann í einu lagi.

10. gr.

Framtalin gjöld samkvæmt 8. grein eru miðuð við byggingarvísitölu 159 stig 1. október 1977 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. okt. ár hvert. Þó má hækkun ekki nema meiru en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

11. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000 — hundrað þúsund — nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi Reglugerð fyrir Vatnsveitu Höfðahrepps, Höfðakaupstað, nr. 9 11. janúar 1961.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1978.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.